

Mýrdalshreppur
George Frumuselu
Austurvegi 17
870 Vík í Mýrdal

Reykjavík, 29. september 2022
UST202208-232/A.B.
10.04.02

Efni: Vinnslutillaga - Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021 - 2033 - heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 24. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um vinnslutillögu að endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í greinargerð kemur fram að við ákvörðun á endurskoðun aðalskipulags voru helst þau atriði höfð að leiðarljósi að gerðar hafa verið fjórtán breytingar á skipulaginu og forsendur breyst mikið. Auk þess hafa tekið gildi ný skipulagslög - og reglugerð og staðfest hefur verið landsskipulagsstefna. Einnig hafa orðið miklar breytingar í sveitarfélaginu, svo sem í atvinnulífi og íbúasamsetningu.

Dyrhólaey - Friðland

Í greinargerð kemur fram að Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 en þar er mikil náttúrufegurð og fuglalíf og eyjan því vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Dyrhólaey er syðsti oddi landsins. Stærð friðlandsins er 147,2 ha.

Umhverfisstofnun telur að þar sem mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt friðlýsingarskilmálum sé nauðsynlegt að samvinna verði við stofnunina um endurskoðun aðalskipulagsins að því er tekur til friðlandsins.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan sé í samræmi við auglýsingu um friðlandið í Dyrhólaey, sem og stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

Mikilvæg fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ sem nefnist Fagridalur - Vík (Víkurhamrar).

Umhverfisstofnun bendir á að á þessu svæði er fýlabyggð og telst svæðið vera alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð. Umhverfisstofnun bendir einnig á að fýll er á valista og er ábyrgðartegund Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>)

Í skýrslu NÍ frá árinu 2012 er nefnist „*Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun*“ eftir Guðmund A. Guðmundsson og Kristín Hauk Skarphéðinsson segir m.a. að talað sé um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar beri mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla sem annað hvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fari hér um á ferðum sínum vor og haust. Á heimasíðu NÍ segir að miðað sé við að ef um 20% af

Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum kallist hún ábyrgðartegund.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt sé að fjalla um mikilvæg fuglasvæði í kafla 7.4 í greinargerð.

Náttúruminjasrá - Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)

Í greinargerð á bls. 30 er kafli 3.7.3 sem nefnist náttúruverndarskrá, en réttara er að segja náttúruminjasrá. Auk þess segir að átta svæði séu á B- hluta náttúruminjasrár, en réttara er að átta svæði eru á tillögu NÍ að B-hluta náttúruminjasrár. Á bls. 31 segir „Á C-hluta náttúruminjasrár (tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjasrár) er eftirfarandi svæði í Mýrdalshreppi.“ Umhverfisstofnun bendir á að tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun B-hluta eru ekki C-hluti.

Yfirfara þarf þennan kafla og auk þess þarf hann að vera í samræmi við kafla 7.4 á bls. 90.

Umhverfisstofnun bendir á að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjasrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti náttúruminjasrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Umhverfisstofnun vill benda á að innan sveitarfélagsins er svæði á tillögu NÍ að framkvæmdaáætlun (B-hluta) sem nefnist Mýrdalur og er svæðið tilnefnt vegna vistgerða á landi (<https://www.ni.is/greinar/su-myrdalur>).

Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjasrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjasrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Í greinargerð á bls. 97 er fjallað um svæði sem falla undir C-hluta náttúruminjasrár en ekki B-hluta eins og segir í greinargerð.

Strandsvæði

Fjallað er um strandsvæði á bls. 100 í greinargerð en hins vegar eru engin svæði afmörkuð á uppdrætti. Strandsvæði eru svæði, samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013, sem eru innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki. Umhverfisstofnun leggur það til að sveitarfélagið skilgreini strandsvæði í samræmi við skipulagsreglugerð með tilliti til náttúruverndar, verðmætasköpunar og almannaréttar.

Búsvæði sela

Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að sjá útbreiðslu selaláturs á vefsíðu NÍ (<http://selalatur.ni.is/>).

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að selir eru skráðir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði sela.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Áætlanirnar gilda í sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar (<http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaetlun-2022-2027/>). Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni (<https://vatnshlotagatt.vedur.is/>).

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Vegir í náttúru Íslands

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Í greinargerð kemur fram að stefnt skal að því ljúka flokkun vega á skipulagstímabilinu. Umhverfisstofnun bendir á að vinnu samkvæmt ofangreindri reglugerð átti að vera lokið fyrir árslok 2020 og því telur stofnunin mikilvægt að vinnu við flokkun vega í náttúru Íslands verði unnin við afgreiðslu skipulagsins.

Umhverfisstofnun vill einnig vekja athygli á að stofnunin benti á ofangreint atriði í umsögn um lýsingu verkefnisins.¹

Slík vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á.

Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Umhverfisstofnun vill nefna sem dæmi veg sem liggur inn að Kötlujökli, en í dag er ekið að jökulsporðinum um slóða og eru nokkur fyrirtæki sem starfa þarna með íshellaferðir. Sama á við um leiðina niður að flugvélaflaki á Sólheimasandi. Á skipulagsuppdrætti sveitarfélagsins er merkt þar gönguleið, en vegur liggur að flakinu sem er nýttur af vélknúnum ökutækjum. Auk þess vill stofnunin m.a. vekja athygli á vegi sem liggur að bílastæði við Remundargil, rétt norðaustan við Þakgil. Hægt er að beygja að Remundargili rétt áður en komið er í Þakgil og keyra að minni gilsins. Hins vegar hefur borið svo að keyrt hefur verið lengra inn gilið.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarféлага, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar (https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf).

Vegarlagning um Dyrhólaós

Í tillögunni er lagt til að hringvegurinn verði færður þar sem byggja skuli jarðgöng um Reynisfjall og leggja nýjan veg í Dyrhólaós. Í niðurstöðu umhverfismats kemur fram að matsþættir tillögunnar, fyrir utan samfélagsleg áhrif, hafi neikvæð áhrif, óveruleg eða óljós.

¹ <https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/L%20c3%bdsing%20-%20a%20c3%b0alskipulag%20M%20c3%bdrdalshrepps%202019%20-%20202031%20-%20endursko%20c3%b0un.pdf>

Umhverfisstofnun tekur undir það og telur stofnunin að vegarlagning um Dyrhólaós muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Umhverfisstofnun telur að vegarlagning um Dyrhólaós muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif á verndargildi Dyrhólaóss, Loftsalahellis, Reynisdranga og Reynisfjalls, sem er svæði á náttúruminjaskrá (<https://natturuminjaskra.ni.is/>). Ósinn og leirurnar á svæðinu falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (<https://serstokvernd.ni.is/>) og Mýrdalur er á tillögu NÍ að framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár og er svæðið tilnefnt vegna vistgerða á landi (<https://www.ni.is/greinar/su-myrdalur>). Auk þess er svæðið frjósamt og lífríkt votlendi með miklu fuglalífi er tengist ósnum.

Umhverfisstofnun bendir á að nýr vegur um Dyrhólaós mun hafa áhrif á verndarsvæðið Dyrhólaey.² Af Dyrhólaey er stórbrotið útsýni yfir Mýrdalsjökul, Eyjafjallajökul, Reynisfjöru og óralanga sandströnd Suðurlands. Svæðið býður upp á einstaka upplifun, þar má sjá strandsvæði sem dregur útlit sitt frá fyrri menningu, ósnertri náttúru og fuglalífi. Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 af íslenska ríkinu vegna hinnar miklu náttúrufegurðar, fuglalífs og til að viðhalda þessum vinsæla viðkomustað ferðamanna. Í umhverfisskýrslu á bls. 122 kemur fram að áhrif á útsýni frá Dyrhólaey verði líklega óveruleg eða engin með vegi um Dyrhólaós. Umhverfisstofnun getur ekki tekið undir þetta, en að mati stofnunarinnar mun útsýni frá friðlandinu, ásýnd Dyrhólaeyjar og svæðisins í kring breytast.

Í greinargerð á bls. 124 segir að valkostur 4, lagfæring á núverandi veglínu með markmið framkvæmdar í huga, sé ekki raunhæfur að mati sveitarfélagsins þar sem hann er ekki talinn uppfylla markmið um öruggan heilsársveg. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið setji fram rök fyrir ofangreindri afgreiðslu. Umhverfisstofnun leggur til að vegstæði þar sem valkostir 4 og 4b eru, séu skoðaðar betur og vegurinn sé endurhannaður með kröfur Vegagerðarinnar að leiðarljósi. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að endurhannaður vegur í núverandi vegstæði verður á þegar röskuðu svæði og þar sem öll umhverfisáhrif eru þegar komin fram. Endurhönnun vegar í núverandi vegstæði mun líklega hafa óveruleg umhverfisáhrif á lífríki, votlendi, ferskvatn, gróðurfar, fuglalíf, svæði á náttúruminjaskrá og Friðland Dyrhólaeyja.

Auk þess þarf að skoða betur að mati stofnunarinnar hver áhrif veglagningar eru á ásýnd þéttbýlisins og útivistargildi.

Ásýnd

Í greinargerð kemur fram að hreppurinn býr yfir stórbrotinni náttúrufegurð þar sem sveitin er grasi gróin, en andstæður eru miklar og beljandi jökulfljót, klettótt fjöll og víðáttumiklir sandar mynda mótvægi við gróðurlendið og á hálendissvæðum eru fjöllin víða mjög sundurskorin af hrikalegum gljúfrum.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar framkvæmdir, eins og byggingar og vegir, falli vel að svipmóti og einkennum lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því að oft sést vítt yfir til sveita.

² <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/dyrholaey/um-fridlandid/>

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verkmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fráveita sveitarfélagsins verði í samræmi við lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og kröfur um hreinsun skólps verði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að álag (mengun) við strendur, í ám og stöðuvötnum vegna skólps hafi ekki áhrif á vistkerfi, fiskgengd eða útivistargildi.

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er og hvaða leiðir verða farnar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, s.s. frá frístundasvæðum, ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum. Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn eða það sem betra er, hreinsivirki, sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólpi.

Urðun og úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á að þann 1. janúar 2023 taka gildi breytingar á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Breytingarnar eru settar fram í lögum nr. 103/2021 og snúa að því að stuðla að hringrásarhagkerfi með innleiðingu regluverks ESB og um leið ýta í framkvæmd stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum (*Í átt að hringrásarhagkerfi*).

Þar er vert að benda á að frá og með 1. janúar 2023 verður sveitarfélögum skylt að koma sér upp sérstakri söfnun og flokkun á fleiri tegundum heimilisúrgangs en áður hefur verið. Sérstök söfnun skal vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Í þéttbýli skal söfnun fara fram innan lóðar á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi en söfnun á gleri, málmum og textíl má fara fram á grenndarstöðvum og sérstök söfnun á spilliefnum í nærumhverfi íbúa. Lögadilum verður skylt að flokka sinn úrgang með sama hætti, auk þess sem skylt verður að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang. Þar að auki verður sveitarfélögum skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs, svo sem með því að miða við magn úrgangs, gerð hans, losunartíðni eða aðra þætti. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skipulagsáætlanir sveitarfélagsins í úrgangsmálum samræmist stefnu ráðherra og þeirra lagabreytinga sem munu taka gildi á næstu misserum.

Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs er sveitarstjórnnum skylt að semja og staðfesta svæðisáætlanir, annaðhvort ein eða ásamt nágrannasveitarfélögum. Með áður nefndum breytingum á lögnum mun Umhverfisstofnun vera falið að gefa út leiðbeiningar um gerð svæðisáætlana. Þær leiðbeiningar voru gefnar út á vordögum undir *Handbók um úrgangsstjórnun* og hvetur stofnunin sveitarfélög til að nýta sér handbókina í sinni vinnu.

Einnig er vert að benda á að með breytingum á lögum er Umhverfisstofnun gefið það hlutverk að hafa eftirlit með útgáfu svæðisáætlana og leggja faglegt mat á innihald þeirra.

Umhverfisstofnun bendir á að bann við urðun á lífúrgangi, ásamt öðrum sérsöfnuðum heimilisúrgangi, tekur gildi þann 1. janúar 2023. Bann við urðun alls lífbrjótanlegs úrgangs (þar með talið lífræns rekstrarúrgangs) er sett fram í aðgerð nr. 16 í stefnu ráðherra í úrgangsmálum sem áætlað er að taki gildi fyrir árslok 2024. Tengist ofangreint aðgerð F.2 í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Umhverfisstofnun telur að í greinargerð ætti að vera umfjöllun um hvernig sveitarfélagið hyggst ráðstafa lífúrgangi, og síðar meir öllum lífbrjótanlegum úrgangi, á annan hátt en að senda til urðunar eða til brennslu.

Efnistaka

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í töflu 14 sé fjallað á nákvæmari hátt um stærð námusvæða og fyrirhugað efnistökmagn.

Stakar framkvæmdir á landbúnaðarlandi

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð á bls. 60 að litlar virkjanir geti haft veruleg neikvæð umhverfisáhrif í för með sér, líkt og vatnsaflsvirkjanir, þar sem rask vegna framkvæmda getur verið mikið þó svo að umfang virkjunar sé talið lítið. Í því felst að gert sé ráð fyrir stíflu, miðlunarlóni, lögnum, vegagerð og stöðvarhúsi sem mikilvægt er, að mati stofnunarinnar, að líta á sem eina samþætta framkvæmd. Auk þess er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að skoða, ekki einungis stærð, afl og umfang virkjana, heldur einnig umhverfisáhrif á ólíkum svæðum með mismunandi verndargildi.

Fiskeldi - Starfsleyfi

Í greinargerð á bls. 60 kemur fram að minniháttar fiskeldisstöðvar eru heimilar á landbúnaðarsvæðum að teknu tilliti til stefnu um verndun og landslag, sbr. kafla 7.1, ef ársframleiðsla er innan við 20 tonn og fráveita í ferskvatn, eða ársframleiðsla er innan við 200 tonn og fráveita til sjávar. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við það en stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur